

Stjórnarfundur 271

FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
25.02.2022	Fundarsalur NO 4.hæð	Stjórnarfundur 271
Fundarritari	Fundartími	
Eva Hrund Einarsdóttir	10:00-12:34	
Fundarmenn	Fjarverandi	
Hlynur Jóhannsson, Eva Hrund Einarsdóttir, Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir, Gunnfríður Hreiðarsdóttir, Helgi Jóhannesson,		

Í fjarfundi

Geir Kristinn Aðalsteinsson, Björg Erlingsdóttir, Erla Björg Guðmundsdóttir, Halla B. Halldórsdóttir, Stefán H. Steindórsson, Gunnur Ýr Stefánsdóttir, Vigfús Ingi Hauksson

Aðrir, gestir á fundi

Ottó Elíasson frá Eimi kom inn á fundinn undir lið 1.

Stjórnarformaður Norðurorku hf, Hlynur Jóhannsson setti fund og stjórnaði

1. **Fráveita í Móahverfi**
2. **Jarðhitarannsóknir og vinnslusvæði**
3. **Aðalfundur í félögum tengdum Norðurorku**
4. **Samstarf við Golfklúbb Akureyrar**
5. **Skógræktaráætlun fyrir Reyki**
6. **Önnur mál**

1. Fráveita í Móahverfi

Á fundinn mætti Ottó Elíasson frá Eimi. Ottó kynnti hugmyndir um að í nýju Móahverfi á Akureyri yrði safnað sérstaklega svokölluðu "svartvatni" frá klósettum til notkunar sem áburð eða til metanframleiðslu. Í umræðum kom fram að búið er að bjóða út hönnun hverfisins þ.e. hvað varðar veitur og götur. Ennfremur að í framtíðinni má búast við að aukin krafa verði um hreinsun fráveituvatns í hreinsistöðinni sem þá er ætlað að hreinsa og fella út næringarefni hvort sem Móahverfi væri sérhreinsað eða ekki.

Þrátt fyrir þröngan tímaramma og mögulega tvítekningu hreinsunar, var forstjóra falið að kanna kostnað og möguleika á framangreindu fyrirkomulagi í Móahverfi.

2. Jarðhitarannsóknir og vinnslusvæði

Síðastliðið sumar var tíðni mælinga á jarðhitavatni á Hjalteyri aukin í ljósi aukinnar nýtingu kerfisins, ásamt frekari upplýsingum um tengingu Strýttanna úti fyrir Arnarnesi við jarðhitakerfið. Til viðbótar var kafað og komið fyrir hitamælum í Strýttunum til að nema hitastig vatnsútstreymis. Í mælingum í febrúar sl. komu fram vísbendingar um aukið klórmagn í jarðhitavatninu sem benda til snefilmagns af sjó. Hitanemarnir voru þá sóttir í Strýttunum og bendir aflestur af þeim til hins sama. Ofangreindar vísbendingar benda til að jarðhitakerfið á Hjalteyri sé orðið fullnýtt. Það mun koma betur í ljós í vor þegar dæling minnkar hvernig jarðhitakerfið bregst við. Sé þetta raunin blasir við að virkja þarf fyrr jarðhitakerfið við Syðri-Haga sem verið hefur til rannsóknar liðin ár. Þessi tíðindi eru fyrr framkomin en vonir stóðu til. Farið var yfir minnisblöð um málið og í umræðum kom fram að Norðurorka þyrfti að setja aukinn þunga í vinnu á notendahlíðinni þ.e.a.s. að umgengni um jarðhitaauðlindina sé ábyrg og að jarðhitavatni sé ekki sóað.

Forstjóra falið að endurskoða áætlanir um fjárfestingar sem og hvernig unnið verði á notendahlíðinni.

3. Aðalfundur í félögum tengdum Norðurorku

Farið yfir yfirlit um stöðu aðalfunda og stjórnarsetu í félögum sem Norðurorka tengist. Verið er að ljúka uppgörum í félögunum og aðalfundur að hefjast. **Til upplýsinga.**

4. Samstarf við Golfklúbb Akureyrar

Golfklúbbur Akureyrar (GA) hefur óskað eftir að fá að nýta yfirfallsvatn úr neysluvatnskerfi Norðurorku sem "grænt vatn" til vökvunar á vellinum. Farið yfir minnisblað fagstjóra vatnsveitu um efnið.

Stjórn samþykkir að farið verði í verkefnið með GA sem áætlað er að kosta á bilinu kr. 1,5-2,0 milljónir króna. Litið verði á kostnað Norðurorku sem styrk til GA. Stjórnarmaður Friðbjörg óskaði bókað að hún

styddi verkefnið en teldi eðlilegra að hámark væri á styrknum, reyndist verkefnið kostnaðarsamara en áætlanir gerðu ráð fyrir.

5. **Skógræktaráætlun fyrir Reyki**

Skógræktaráætlun fyrir Reyki I var unnin af Skógræktarfélagi Eyfirðinga 1999. Sú áætlun hefur elst vel en á þeim tíma voru tún nýtt. Nú er áformað að nýta gömlu túnin einnig til skógræktar.

Stjórn samþykkir að fé til skógræktarverkefna verði aukið í 4-5 milljónir á ári og horft til verkefna á Reykjum.

6. **Önnur mál**

a. Vaðlaböð. Í samræmi við upplýsingar og umræður á stjórnarfundum 270 hefur nú verið haldinn hluthafafundur í Vaðlaböðum þar sem KEA tók við félaginu og mun síðan greiða öðrum hluthöfum út rauneign sína sem eftir stendur eftir endurskoðun 2021. Félagið er án hlutverks og verður "skelin" nýtt af KEA. **Til upplýsinga**

b. Eimur. Lagt fram áhersluplan frá starfsfólki Eims fyrir 2022. **Til upplýsinga**

c. Laugaland á Þelamörk. Landeigendur á malartekjusvæði fjögur hafa fundað um möguleika þess að taka sameiginlega mól úr ánni, til að halda henni í farvegi og til tekna. Forstjóri og sviðstjóri Veitu- og tæknisviðs fóru yfir málið. Ræddur var sá möguleiki að Norðurorka, sem landeigandi Laugalands, héldi á og nýtti þá mól sem fyrirtækið fengi í sinn hlut.

Stjórn felur forstjóra að vinna áfram í málinu á grundvelli umræða.

d. Bréf til Umhverfisstofnunar (UST) vegna fráveitu. Forstjóri fór yfir efnisatriði þess að svo virtist sem UST væri að breyta túlkun sinni á reglugerð um fráveitur og skólþ. Norðurorka taldi í því ljósi rétt að ítreka við UST að reglugerðin hefur verið í gildi í yfir tuttugu ár og á grunni hennar byggðar margar hreinsistöðvar fráveitu m.a. hreinsistöð Norðurorku. Ekki var ágreiningur við UST um túlkun reglugerðarinnar þegar hreinsistöðin var í hönnun en eins og kunnugt er endaði ferlið á Umhverfismati. **Til upplýsinga**

e. Efnistöð fyrir ársfund Norðurorku hf. Farið yfir efnistöð á ársfundi Norðurorku sem nú eru að skýrast. **Til upplýsinga**

f. Trúnaðarmál stjórnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.12:34